

Helstu stefnumál Karlalístsans

Karlalístinn vill:

1. Bættu og aukna barnavernd. Barnaverndarnefndir eru í dag pólitískt skipaðar. Barnaverndarnefnd er stjórnvald sem tekur ákvörðun og úrskurðar í barnaverndarmálum. Þær ákvarðanir hafa afgerandi áhrif á örlög barna sem þarfnast opinberrar verndar. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg falli frá núgildandi fyrirkomulagi og auglýsi stöður barnaverndarnefndar og ráði þá færustu úr hópi umsækjenda, til að tryggja faglega málsmeðferð barnaverndarmála og réttar ákvarðanir.
2. Að barnavernd Reykjavíkurborgar beiti heimildum sínum til íhlutunar þegar umgengni er tálmað með óréttmætum hætti.
3. Að Innheimtustofnun sveitarfélaga taki aukið tillit til félagslegra og heilsufarslegra þátta við innheimtur meðlaga. Annar hvert umgengnisforeldri er á vanskilaskrá samkvæmt úttektum Creditinfo og eru þar af 30% þeirra á vanskilaskrá að kröfu Innheimtustofnunar. Innheimtustofnun hefur aukið innheimtuhörku á undanförunum árum, án tillits til félagslegra aðstæðna umgengnisforeldra. Á meðan umgengnisforeldrar fá ekki aðkomu að velferðarkerfinu sem foreldrar, er óforsvaranlegt að Innheimtustofnun gangi hart á ráðstöfunartekjur umgengnisforeldra. Innheimtustofnun starfar á ábyrgð sveitarfélaganna og getur Reykjavíkurborg komið breyttum innheimtuháttum til leiðar.
4. Þrýsta á löggjafann að færa innheimtur meðlaga til Tryggingarstofnunar þar sem meðlögin eru greidd út, eins og tíðkast í flestum samanburðarlöndum. Þar sem Innheimtustofnun þiggur greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, vegna vangreiðdra meðlagskrafna, hafa sveitarfélögin hag af því að hámarka innheimtur óháð félagslegum aðstæðum meðlagsgreiðenda, -í því skyni að hámarka greiðslur út Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga. Er því mikilvægt að ekki sé hvati fyrir stjórnvöld að horfa fram hjá félagslegum aðstæðum umgengnisforeldra við innheimtur á meðlögum. Með yfirfærslu meðlagsinnheimtu til Tryggingarstofnunar skapast kæruleið innan stjórnsýslunnar, en eins og sakir standa geta meðlagsgreiðendur sem telja á sér brotið í viðskiptum sínum við Innheimtustofnun ekki kært íþyngjandi ákvarðanir hennar, til að mynda vegna ákvarðana um frádrátt frá útborguðum launum.
5. Að félagsþjónusta Reykjavíkurborgar mæti umgengnisforeldrum sem ekki geta framfært börn sín í gegnum umgengni með sérstökum hætti. Of algengt er að umgengnisforeldrar geti ekki veitt börnum sínum þroskavænlegar uppeldisaðstæður vegna fjárhags. Velferðarkerfið eins og það er í dag miðar við að umgengnisforeldrið sinni framfærsluskyldu sinni eingöngu í gegnum meðlagsgreiðslur. Staðreyndin er hins vegar sú að meira en 25% nýskilinna eru með jafna umgengni og er umgengni almennt að aukast ár frá ári. Umgengnisforeldrar sinna því framfærsluskyldu sinni bæði í gegnum meðlagsgreiðslur og umgengni, og er mikilvægt að velferðarkerfið taki tillit til þess.
6. Að framkvæmd fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar verði fært í lögmætt horf. Umgengnisforeldrar eru sífellt stækkandi hópur þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Engar lagaheimildir eru til í félagsþjónustulögum um ströng skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð. Einnig eru engar lagaheimildir til að skerða fjárhagsaðstoð ef skilyrðum er ekki mætt. Enn síður er heimild í félagsþjónustulögum að skerða fjárhagsaðstoð ef umsækjandi fer ekki að tilmælum starfsmanna félagsþjónustunnar, enda eru slíkar skerðingar stjórnsýsluviðurlög sem krefjast skýrrar lagaheimildar. Íslensk stjórnsýsla er lögbundin sem þýðir að henni ber að fara að lögum. Sveitarfélögin eru þar engin undantekning og eðlileg krafa að reglur Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð standist gildandi lög.



7. Að Reykjavíkurborg leitist við að mæta betur þörfum drengja í grunnskólakerfinu. Rannsóknir sýna að drengjum líður verr í skóla og sýna mun lakari námsárangur en stúlkur. Stefnumótun í menntamálum grunnskólabarna, hér jafnt sem í samanburðarlöndum okkar, hefur í of miklum mæli tekið mið að því að breyta drengjum og laga þá að menntastefnunni, í stað þess að menntastefnan aðlagist þörfum þeirra. Taka þarf tillit til eðlismunar kynjanna í auknum mæli, er varðar áhugasvið, virkni og námsefni.
8. Að leikskólar og frístundaheimili verði gjaldfrjáls fyrir einstæða foreldra. Harðasta gagnrýnin á tillögur um að jafna þurfi lífsskjör skilnaðarforeldra er sú að einstæðir foreldrar þurfi að greiða háar fjárhæðir í leikskólagjöld og gjöld vegna dvalar á frístundarheimilum borgarinnar. Karlalístinn vill mæta þeirri gagnrýni með að fjölga leikskólum og ungbarnaleikskólum og greiða niður þau gjöld að fullu fyrir einstæða foreldra.
9. Að Reykjavíkurborg kosti athvarf eða þjónustu fyrir þá feður sem sæta umgengnistálmunum og/eða ofbeldi í nánnum samböndum.